



Fundur háskólaráðs 27. maí 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 24.05.2004
Dags: 27.05.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

09/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 27. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 12.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Þorsteinn Loftsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Oddný G. Sverrisdóttir og Þórður Harðarson.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram lög nr. 41/2004 frá Alþingi, breyting á lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999.
- 1.2 Lagður fram undirritaður samningur Háskóla Íslands og Norrænu ráðherra-nefndarinnar um stofnun Jarðvísindastofnunar Háskólans frá og með 1. júlí 2004.
- 1.3 Lögð fram gögn frá ársfundi Háskóla Íslands 26. maí sl. ásamt Árbók Háskóla Íslands 2003 og Ritaskrá Háskóla Íslands 2003.
- 1.4 Evaluation of Nordic National Recognition and Information Centres (ENIC/NARIC units), Self study report, prepared by the Icelandic ENIC/NARIC-unit, Office for Academic Affairs, University of Iceland, May 2004.
- 1.5 Lagður fram listi yfir úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2004.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Verklag við setningu reglna um sprotafyrirtæki, höfundarrétt og eignarhald á rannsóknaniðurstöðum, sbr. II. kafla vísinda- og menntastefnu Háskólans, viðbót sem samþykkt var á 9. háskólafundi 23. maí 2003.
 - Samþykkt einróma að rektor verði falið að skipa starfshóp til að undirbúa drög að reglum um sprotafyrirtæki, höfundarrétt og eignarhald á rannsóknaniðurstöðum. Starfshópurinn hafi samráð við hugverkanefnd háskólaráðs.
- 2.2 Drög að samstarfsyfirlýsingu opinberra háskóla ásamt drögum að samkomulagi um bandalag opinberra háskóla, eftir fund rektora háskólanna 14. maí sl.
Rektor greindi frá tilurð og inntaki samstarfsyfirlýsingarinnar. Málið var rætt ítarlega.
 - Háskólaráð lýsir einróma yfir ánægju sinni með fyrirliggjandi drög að samstarfsyfirlýsingu opinberra háskóla og felur rektor að vinna áfram að framgangi málsins.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Ályktanir háskólafundar 21. maí sl.
Rektor greindi frá helstu ákvörðunum og ályktunum 13. háskólafundar sem haldinn var 21. maí sl. Vakti rektor sérstaka athygli á lyktum umræðunnar um skólagjöld,

samþykkt viðmiða og krafna um gæði doktorsnáms og samþykkt málstefnu Háskóla Íslands. Málið var rætt.

Sameiginlegri stjórnslu falið að móta tillögur um framkvæmd samþykktu háskólafundar.

- 3.2 Viðræður rektors við menntamálaráðherra um framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund.
Rektor skýrði frá helstu áherslumálum í viðræðum við menntamálaráðherra og stöðu viðræðnanna. Málið var rætt ítarlega og m.a. vikið að mögulegum aðgangstakmörkunum umfram það sem nú tíðkast. Málið verður áfram á dagskrá.
- 3.3 Umsögn fjármálanefndar um skýrslu um forsendur útreikninga nemenda-framlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla, menntamálaráðuneytið, mars 2004.
Rektor gerði grein fyrir framlagðri umsögn fjármálanefndar og var hún rædd.
- 3.4 Drög að endurnýjuðu samkomulagi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns, sbr. fund ráðsins 29. apríl sl.
Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Samþykkt samhljóða að fela rektor að ganga frá endurnýjuðu samkomulagi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

4. Önnur mál

- 4.1 Flugkerfi hf. Lagður fram ársreikningur 2003.
Anna Soffía Hauksdóttir greindi frá því að rekstur Flugkerfa hf., sem Háskóli Íslands á hlut í, hafi gengið vel og afkoma félagsins verið góð. Anna Soffía mun hætta sem fulltrúi Háskólans í stjórn Flugkerfa hf. og Ebba Þóra Hvannberg taka sæti hennar.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 14.30